



HJÁLPARLIÐ ALMANNAVARNA



SAMKOMULAG RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA VIÐ RAUÐA KROSSINN Á ÍSLANDI UM
HLUTVERK Í HEILDARSKIPULAGI HJÁLPARLIÐS VEGNA ALMANNAVARNA

2021



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Hlutverk og verkefni Rauða krossins á landsvísu.....	3
3. Fjölmíðlasamskipti í verkefnum á landsvísu	4
4. Samningar í lögregluumdæmum	5
5. Hlutverk deilda Rauða kross Íslands	5
6. Stjórnun og boðun í lögregluumdæmum	6
7. Þjálfun.....	6
8. Búnaður	7
9. Almenn ákvæði	7

1. Inngangur

Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn á Íslandi gera með sér eftirfarandi samkomulag um hlutverk þess síðarnefnda í heildarskipulagi vegna almannavarna. Samkomulagið er hluti af samningi ríkislögreglustjóra við Rauða krossinn á Íslandi og Slysavarnafélagið Landsbjörg um hlutverk þeirra í heildarskipulagi hjálparliðs almannavarna frá 22. október 2021.

Rauði krossinn mun annast þau verkefni sem talin eru upp í samkomulaginu í umboði ríkislögreglustjóra skv. beiðni hverju sinni.

Samkomulagið skilgreinir tengsl stjórnskipulags Rauða krossins við skipulag almannavarna vegna aðgerða á hættu- og neyðartímum. Samkomulagið kveður á um hlutverk Rauða krossins á landsvísu og í lögregluumdæmum.

Rauði krossinn vinnur eftir sjö grunngildum alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans um mannúð, óhlutdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfböðna þjónustu, einingu og alheimshreyfingu. Verkefni Rauða krossins í skipulagi almannavarna mega ekki brjóta í bága við grunngildi og samþykktir Rauða kross hreyfingarinnar, stefnu og lög Rauða krossins á Íslandi, Genfarsamningana frá 1949 með viðbótarbókunum frá 1977 og lög frá Alþingi um Rauða krossinn á Íslandi og merki Rauða krossins, Rauða hálfmánans og Rauða kristalsins nr.115/2014.

Landsskrifstofa Rauða krossins ber ábyrgð á því að félagið starfi í samræmi við það samkomulag sem gert hefur verið milli ríkislögreglustjóra og Rauða krossins.

2. Hlutverk og verkefni Rauða krossins á landsvísu

Ríkislögreglustjóri fer með yfirstjórn aðstoðar á milli lögregluumdæma og aðstoð ríkisstofnana á hættu og neyðartímum, hefur eftirlit með samhæfingu viðbragðsaðila og annarra aðila sem og eftirlit með stjórn aðgerða, bæði áður og eftir að hættu ber að garði, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Ríkislögreglustjóri og Rauði krossinn vinna skv. stjórnkerfi SÁBF (þ.e. Stjórnun, Áætlun, Bjargir, Framkvæmd) á hættu- og neyðartímum. Komi boð frá ríkislögreglustjóra vegna orðinnar eða yfirvofandi vár er samhæfingar- og stjórnstöðin í Skógarhlíð virkjuð og lýtur stjórn hans.

Rauði krossinn starfrækir stjórnstöð á hættu- og neyðartímum. Hún skal starfa samkvæmt stjórnkerfi SÁBF og séráætlun fyrir félagið. Hlutverk stjórnstöðvar Rauða krossins er m.a. að annast eftirtalin verkefni:

- Samskipti við Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna. Rauði krossinn leggur til að minnsta kosti tvo starfsmenn til starfa í Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna.
- Samskipti við aðgerðastjórnir lögregluumdæma varðandi verkefni Rauða krossins í umdæmum í umboði Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna.
- Skiptir út björgum í samvinnu við Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna þegar um langtímaaðgerðir er að ræða.
- Skráning og upplýsingagjöf. Starfrækir Hjálparsíma Rauða krossins 1717 sem upplýsingasíma almannavarna.

- Söfnun og úrvinnsla skráninga á þolendum frá fjöldahjálparstöðvum og öðrum starfsstöðvum Rauða krossins, heilbrigðisstofnunum og vettvangi, samkvæmt verklagsreglum þar að lútandi (sjá viðauka I). Miðlun skráninga til aðgerðastjórna og Samhæfingar- og stjórnstöðvar. Tilkynningar til aðstandenda um staðsetningu og ástand þolenda í samráði við Samhæfingar- og stjórnstöð almanna- og almannavarna.
- Tilnefnir fulltrúa Rauða krossins í samráðshóp áfallahjálpar í Samhæfingar- og stjórnstöð almanna- og almannavarna. Skipulag áfallahjálpar er nánar skilgreint í samkomulagi um áfallahjálpar í skipulagi almanna- og almannavarna á Íslandi.
- Annast samskipti við utanríkisráðuneytið, erlend sendiráð og ræðisskrifstofur eða erlend Rauða kross félög um afdrif erlendra ríkisborgara sem lent hafa í slysum eða náttúruhamförum á Íslandi í samráði við Samhæfingar- og stjórnstöð almanna- og almannavarna.
- Annast samskipti við erlend Rauða kross félög og alþjóðastofnanir Rauða krossins og Rauða hálfmánans varðandi viðbótarþjargir eða aðra utanaðkomandi þjónustu, í samræmi við ákvarðanir ríkislögreglustjóra.
- Tilnefnir fulltrúa í þjónustumiðstöðvar almanna- og almannavarna í samráði við ríkislögreglustjóra vegna félagslegs hjálparstarfs og endurreisnar.
- Önnur verkefni sem ríkislögreglustjóri felur Rauða krossinum að sinna og ganga ekki gegn grunnildum Rauða kross hreyfingarinnar og stefnu og lögum Rauða krossins.

Ríkislögreglustjóri skal semja við Rauða krossinn hverju sinni um framlag félagsins í langtíma hjálparstarfi og endurreisn. Gæta skal séstaklega að því að yfirfærsla verkefna fjöldahjálparstöðva Rauða krossins til þjónustumiðstöðva ríkislögreglustjóra verði hnökralaus og skulu verklagsreglur samræmdar í þessum tilgangi.

3. Fjölmiðlasamskipti í verkefnum á landsvísu

Samhæfing verkefna fer fram í Samhæfingar- og stjórnstöðinni í Skógarhlíð, sbr. 2. Kafli þessa samkomulags.

- Í sameiginlegum aðgerðum hafa Rauði krossinn og ríkislögreglustjóri haft með sér samráð með það markmið að almenningur fái réttar og tafarlausar upplýsingar. Lögð er áhersla á notkun rafrænna samfélagsmiðla við upplýsingagjöf í hamförum.
- Fulltrúar Rauða krossins eru ríkislögreglustjóra til aðstoðar við slíka miðlun ef þess þykir þörf og eiga sæti í fjölmiðlateymi samhæfingar- og stjórnstöðvar þegar og ef hún er virkjuð af ríkislögreglustjóra.
- Ríkislögreglustjóri hefur umsjón með fréttatilkynningum sem sendar eru frá samhæfingar- og stjórnstöðinni í almanna- og almannavarna aðgerðum. Í sameiginlegum aðgerðum ber Rauða krossinum og ríkislögreglustjóra að senda afrit af fréttatilkynningum sín á milli. Fjölmiðlafulltrúum Rauða krossins ber skylda til að hafa samráð við fjölmiðlafulltrúa annarra viðbragðsaðila og starfa með fjölmiðlateymi samhæfingar- og stjórnstöðvar ef svo ber undir.

4. Samningar í lögregluumdæmum

Ríkislögreglustjóri sér til þess að almannavarnanefndir og lögreglustjóri annars vegar og Rauði krossinn hins vegar geri samning um skipan hjálparliðs, boðun þess og aðkomu að stjórnun aðgerða, skv. lögum um almannavarnir nr. 82/2008 og því hættumati og þeim viðbragðsáætlunum sem eru í gildi.

Rauði krossinn annast skráningu á hjálparliði og upplýsir lögreglustjóra og almannavarnanefnd ef þess er óskað.

Sé kröfum lögreglustjóra og almannavarnanefndar um skipan hjálparliðs ekki fullnægt má leita aðstoðar hjá samstarfsnefnd um heildarskipulag hjálparliðs almannavarna.

Hjálparlið á áfallasvæði starfar undir stjórn lögreglustjóra viðkomandi umdæmis og sinnir verkefnum sem ganga ekki gegn grunngildum Rauða kross hreyfingarinnar og stefnu og lögum Rauða krossins.

Ríkislögreglustjóri skal semja sérstaklega við Rauða krossinn um greiðslur þegar um langtímasterf við uppbyggingu á skaðasvæði er að ræða.

Áður skal samráðsnefnd hjálparliðs almannavarna skilgreina verkefnið en enduruppbygging getur hafist þó hættu- eða neyðarstig sé enn í gildi. Í samstarfsnefndinni skulu sitja tveir fulltrúar Rauða krossins og tveir fulltrúar frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Samstarfsnefndin skal funda eins fljótt og auðið er þegar líkur eru á að atburðir dragist á langinn en ekki má líða meira en 48 klst. frá upphafi aðgerða.

Lífsbjargandi aðgerðum skal vera lokið og ekki lengra en 72 tímar liðnir frá upphafi aðgerðar.

Miða skal starfsmannakostnað að loknum lífsbjargandi aðgerðum við útseldan tíma lögreglumanns en kostnað við bifreiðar og annan búnað við almennan leigukostnað á markaði.

Samstarfsnefndin skal setja sér *verklagsreglur um greiðslur vegna almannavarna aðgerða* sem verða viðauki við þennan samning (viðauki II). Verklagsreglurnar skal endurskoða í upphafi hvers nýs árs.

5. Hlutverk og verkefni Rauða krossins í umdæmum

Rauði krossinn skipuleggur starf sitt sem hjálparlið í samvinnu við lögreglustjóra og aðgerðastjórn og eru verkefni greind í verkþætti samkvæmt stjórnkerfi SÁBF og í viðbragðsáætlunum.

Rauði krossinn tilnefnir a.m.k. einn aðalmann og einn varamann í aðgerðastjórn, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Rauði krossinn tilnefnir einn aðalmann og einn varamann í samráðshóp áfallahjálpar á starfssvæðinu, samkvæmt samkomulagi almannavarna um skipulag áfallahjálpar á Íslandi.

Framkvæmdir sem Rauði krossinn sinnir eru fjöldahjálp og sálfélagslegt hjálparstarf og önnur verkefni samkvæmt viðbragðsáætlunum og samkvæmt beiðni lögreglustjóra og aðgerðastjórnar og ganga ekki gegn grunngildum Rauða kross hreyfingarinnar og stefnu og lögum Rauða krossins á Íslandi.

Helstu verkþættir eru:

- Rekstur fjöldahjálparstöðva.
- Umsjón með söfnunarsvæði aðstandenda.
- Rekstur skráningarstöðva.
- Rekstur neyðarmötuneyta fyrir þolendur og hjálparlið
- Aðkoma að framkvæmdum á söfnunarsvæði slasaðra).
- Sálfélagslegur stuðningur.
- Aðkoma að mönnum þjónustumiðstöðva almannavarna.

6. Stjórnun og boðun í lögregluumdæmum

Almannavarnanefndir móta stefnu, framkvæma hættumat og gera viðbragðsáætlanir í samvinnu við ríkislögreglustjóra, sbr. lög um almannavarnir nr. 82/2008.

Lögreglustjóri fer með stjórn almannavarna í sínu umdæmi þegar almannavarnaástand ríkir, sbr. 11. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008. Hann situr í aðgerðastjórn ásamt fulltrúa almannavarnanefndar, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, fulltrúa Rauða krossins, hlutaðeigandi viðbragðsaðila, sbr. viðbragðsáætlun, svo og öðrum hlutaðeigandi aðilum sem tengjast aðgerðum hverju sinni.

Aðgerðastjórn stýrir aðgerðum á hættu- og neyðartímum og lýtur hún stjórn viðkomandi lögreglustjóra.

Lögreglustjóri tilnefni vettvangsstjóra sem fer með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

Vettvangseiningar Rauða krossins heyra undir viðkomandi aðgerðastjórn meðan hún er að störfum. Rauði krossinn boðar þær til starfa á hættu- og neyðartímum samkvæmt boðunarkerfi félagsins.

7. Þjálfun

Ríkislögreglustjóri annast þjálfun og fræðslu um skipulag almannavarna og framkvæmd. Má nefna námskeið í vettvangsstjórn, aðgerðastjórn og þjálfun fulltrúa Rauða krossins í áhöfn Samhæfingar- og stjórnstöðvar almannavarna.

Rauði krossinn annast þjálfun eigin vettvangseininga.

Framkvæmd og skiptingu kostnaðar vegna þjálfunar á sviði almannavarna fer samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008.

8. Búnaður

Rauði krossinn nýtir þann búnað sem er í eigu félagsins til björgunar- og hjálparstarfa. Tæki, búnaður og efni sem ekki er í eigu Rauða krossins er á ábyrgð lögreglu enda hafi lögregla kallað eftir þeim búnaði.

9. Almenn ákvæði

Samkomulagið skal tekið til endurskoðunar að fimm árum liðnum frá undirritun en er að öðru leyti uppsegjanlegt af hvorum samkomulagsaðila fyrir sig með sex mánaða fyrirvara. Einnig er skylt að taka samkomulagið eða einstakar greinar þess til endurskoðunar innan þriggja mánaða frá þeim tíma sem skrifleg ósk berst um slíkt.

Samkomulagið tekur þegar gildi.


Reykjavík 22. október 2021

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, ríkislögreglustjóri

Sveinn Kristinsson, formaður Rauða krossins á Íslandi

Viðauki I

Ferli við skráningar og miðlun upplýsinga úr fjöldahjálparstöð



Rauði krossinn skráir eftirfarandi persónugreinanlegar upplýsingar í fjöldahjálparstöð:

- Nafn
- Kennitala (fæðingardagur hjá kennitölulausum)
- Heimilisfang
- Kyn
- Þjóðerni hjá kennitölulausum
- Sími
- Netfang (ekki skylda)
- Helstu þarfir, svo sem þörf fyrir húsnæði, lyf, lækniþjónustu, efnislega aðstoð, aðstoð sendiráðs ofl.
- Fjölskyldutengsl

Skráning í vefkerfi

Skráning fer fram í miðlæga, þjóðskrártengda haghafaskráningarkerfinu Salesforce. Skráningarfólk í fjöldahjálparstöð hefur einungis aðgang að innskráningunni sjálfri en ekki bakenda.

Starfsfólk Rauða krossins hefur aðgang að bakenda og getur bæði sótt lista úr kerfinu og unnið með þá. Allt starfsfólk Rauða krossins hefur undirritað trúnaðaryfirlýsingu og siðareglur Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Kerfið er með sjálfvirka rekjanleikaskráningu (activity log) þar sem fram koma allar upplýsingar um hreyfingar í kerfinu og hver hefur framkvæmt þær.

Handskráning

Handskráning fer fram á eyðublöðum eða í tölvuskrá (t.d. Excel eða Word). Afrit eða mynd af eyðublöðunum er send til stjórnstöðvar Rauða krossins eða fulltrúa félagsins í SST eins fljótt og auðið er.

Að því loknu skal eyða skráningarblöðunum eða viðkomandi tölvuskrá nema lögregla á vettvangi (AST/VST) fari fram á afhendingu gagnanna.

Nýting upplýsinga úr skráningum

SST/AST og stjórnstöð Rauða krossins geta nýtt upplýsingarnar með eftirfarandi leiðum:

- Upplýsingar um fjölda þolenda/rýmdra liggur fyrir í rauntíma og ástand þeirra.

- Upplýsingar um þjóðerni, aldur og aðra samsetningu hópsins liggur fyrir.
- Upplýsingar liggja fyrir um helstu þarfir sem bregðast þarf við í fjöldahjálparstöð, þjónustumiðstöð eða með öðrum leiðum innan almannavarna- og velferðarkerfisins.
- Hægt er að koma skilaboðum til þolenda/rýmra svo sem með fjölda-SMS.
- Rauði krossinn nýtir ópersónugreinanlegar upplýsingar í ársskýrslu félagsins og ársskýrslu IFRC. Félaginu er óheimilt að nýta upplýsingarnar í markaðslegum tilgangi.

Viðauki II

VERKLAGSREGLUR UM GREIÐSLUR VEGNA ALMANNAVARNAAÐGERÐA

1. Rauði krossinn þiggur ekki greiðslur fyrir lífbjörgun, leit og björgun.
2. Fyrir önnur verkefni sem almannavarnir fela Rauða krossinum svo sem rekstur fjöldahjálparstöðva, skráningarstöðva, rekturs neyðarmötuneyta og aðra aðstoð við viðbragðsaðila almannavarna skal greiða skv. eftirfarandi verðskrá sem endurskoðast eigi síðar en 15. Janúar ár hvert
3. Verðskrá
 - a. Tímagjald hjálparliða miðast við útseldan tíma lögreglumanns nú 8.211-
 - b. Sólarhringsgjald bifreiðar/jeppa nú 64.799-
4. Greiðslufyrirkomulag

Rauði krossinn sér um að halda utan um alla tímaskráningu og sér um samantekt kostnaðar og gerð reiknings fyrir hönd félagsins. Stefna skal á að reikningar séu sendir eins fljótt og auðið er eftir að atburði lýkur og mánaðarlega ef atburður stendur yfir í langan tíma.